



## 51. þing Íþróttabandalags Hafnarfjarðar

Haldið í Hásölum laugardaginn 11. maí 2019

Þingskjal nr.

### Tillaga um framkvæmdaröð nýrra verkefna í uppbyggingu íþróttamannvirkja 2019 – 2028 lögð fram á 51. þingi ÍBH.

Lagt er til að verkefni sem nú þegar eru hafinn og hefur verið samið um við Hafnarfjarðarbæ verði **lokið í samræmi við áætlun** þ.e.:

1. Endurbætur/breytingar á golfvelli Golfklúbbsins Keilis á Hvaleyri. Áætlað að ljúki 2021.
2. Bygging íþróttasalar hjá Knattspyrnufélaginu Haukum á Ásvöllum. Áætlað að ljúki 2020.
3. Knatthús í fullri stærð hjá Fimleikafélagi Hafnarfjarðar í Kaplakrika, ásamt æfingavöllum. Áætlað að ljúki 2021.

### Lagt er til að gengið verði til samninga um ný verkefni:

2019-2022 bygging nýrrar reiðhóllar með félagsaðstöðu og annarri tilheyrandi aðstöðu hjá Hestamannafélaginu Sörla að Sörlastöðum. Gert er ráð fyrir að sala á hesthúsalóðum að upphæð 90 mkr. fari upp í framkvæmdirnar.

2019-2024 bygging knatthúss hjá Knattspyrnufélaginu Haukum á Ásvöllum ásamt búningsaðstöðu og frágangi á bílastæðum. Gert er ráð fyrir að sala á íbúðarlóðum á deiliskipulagssvæði Hauka að upphæð 400 mkr. fari uppí framkvæmdirnar.

2020-2024 bygging á nýjum æfingasal fyrir Brettafélag Hafnarfjarðar. Gert er ráð fyrir að hönnun og annar undirbúningur verði unninn á árinu 2020.

2020-2027 lagður nýr 27 holu golfvöllur fyrir Golfklúbbinn Setberg. Áfram verði unnið að hönnun og öðrum nauðsynlegum undirbúning 2020-2022.

2020-2027 bygging á nýju íþróttahúsi fyrir fimleika og klifur fyrir fimleikafélagið Björk. Gert er ráð fyrir að hönnun og annar undirbúningur fari fram á árunum 2020-2021.

2022-2023 breytingar og viðbygging við golfskála Golfklúbbsins Keilis.

2024-2028 ný akstursbraut og tilheyrandi mannvirki fyrir Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar.

2024 malbikun á pittsvæði og uppákeyrslu á kvartmílubraut Kvartmíluklúbbsins

2025-2028 bygging á nýju íþróttahúsi fyrir badminton og borðtennis fyrir Badmintonfélag Hafnarfjarðar.

2025-2028 bygging á dýfingarlaug við Ásvallalaug fyrir Sundfélag Hafnarfjarðar

2027-2028 bygging á áhorfendastúku við knattspyrnuvöll Hauka að Ásvöllum ásamt forsal.

2027-2028 Byggja nýtt hús sem samanstendur af tækjageymslu, kennsluáðstöðu fyrir unglíngastarf og félagsaðstöðu Kvartmíluklúbbsins

### **Annað**

Þessi tillaga gerir ráð fyrir því að Dansíþróttafélagi Hafnarfjarðar verði sköpuð framtíðar aðstaða í Ásvallalaug ekki síðar en í upphafi árs 2020.

Eins gerir tillagan ráð fyrir því að samið verði við Badmintonfélag Hafnarfjarðar um rekstur á íþróttahúsinu við Strandgötu

Finna þarf stað fyrir framtíðar uppbyggingu Hnefaleikafélags Hafnarfjarðar. Núverandi aðstaða er í óviðunandi leiguáðstöðu.

***Flutningsaðili:*** Allsherjarnefnd ÍBH

---

**Vísað til:**  Allsherjarnefndar  Fjárhagsnefndar  Íþróttanefndar  Laganefndar